

**1178. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, mánudaginn 29.  
nóvember 2021 og hófst hann kl. 08:05.**

**Fundinn sátu:**

Marzellíus Sveinbjörnsson varaformaður, Daníel Jakobsson formaður og Nanný Arna Guðmundsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Arna Lára Jónsdóttir.

**Embættismenn:**

Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi og Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi.

**Dagskrá:**

Daníel Jakobsson, formaður bæjarráðs, vék af fundi undir þessum lið. Marzellíus Sveinbjörnsson, varaformaður tók við stjórn fundarins. Jónas Þór Birgisson, sat fundinn undir þessum lið máls, í stað Daníels.

**1. Sláturhús á norðanverðum Vestfjörðum - Suðureyri - 2021110072**

Fulltrúar frá Íslenskum verðbréfum, Fisherman, Íslandssögu og Klofningi, mæta til fundar við bæjarráð, í gegnum fjarfundarbúnað, til að ræða mögulega staðsetningu sláturhúss á Suðureyri fyrir slátrun eldisfisks frá ÍS-47, Hábrún.

*Fulltrúar Íslenskra verðbréfa kynna hugmyndir um mögulega staðsetningu sláturhúss.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna málið áfram.*

**Gestir**

Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri - 08:05

Guðni Einarsson, f.h. Klofnings - 08:05

Elías Guðmundsson, f.h. Fisherman - 08:05

Björgvin Gestsson, f.h. Íslenskra verðbréfa - 08:05

Guðbrandur Sigurðsson - 08:05

Óðinn Gestsson, f.h. Íslandssögu - 08:05

Hreinn Þór Hauksson, f.h. Íslenskra verðbréfa - 08:05

Jóhann M. Ólafsson, f.h. Íslenskra verðbréfa - 08:05

Axel R. Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs - 08:05

Gestir og hafnarstjóri yfirgáfu fund kl. 9:00.

Daníel Jakobsson kom aftur inn á fundinn kl. 9:00, og tók við stjórn hans. Jónas Þór Birgisson yfirgaf fundinn.

**2. Niðurfelling gatnagerðargjalda vegna byggingar íbúðarhúsnæðis - 2017050003**

Lagt fram minnisblað Axels R. Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dags. 17. nóv 2021, þar sem lögð er fram fyrirspurn um niðurfellingu gatnagerðargjalda vegna nýbygginga, við þegar tilbúna götur og hvort áform séu um áframhald á verkefninu sem rennur út 31. des næstkomandi.

*Bæjarráð áréttar að á lóðum þar sem ekki þarf að leggja út kostnað við úthlutun lóðar vegna gatnagerðar er heimild til að fella niður gatnagerðargjöld, með öðrum skilyrðum sem fylgdu upphaflegri ákvörðun.*

Axel Överby yfírgaf fund kl. 9:13.

**3. Mannauðsstefna - uppfærsla á starfsmannastefnu - 2021110068**

Lagt fram minnisblað Baldurs Inga Jónassonar, mannauðsstjóra, dags. 24. nóvember 2021, vegna fyrirhugaðrar uppfærslu á starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar, þar sem lagt er til að nafni stefnunnar verði breytt úr starfsmannastefnu í mannauðsstefnu. Aðrar breytingar sem lagðar eru til fela í sér að hlutverkslýsingu hefur verið bætt inn í stefnuna, auk þess sem nokkur atriði í henni hafa verið uppfærð og nokkrum bætt við.

Óskað er samþykktar bæjarstjórnar á breytingum á stefnunni, í samræmi við minnisblað mannauðsstjóra.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja uppfærða mannauðsstefnu.*

**Gestir**

Baldur Ingi Jónasson, mannauðsstjóri - 09:14

Baldur yfírgaf fundinn kl. 9:24.

**4. Fjárhagsáætlun 2022 - 2021040035**

Lögð fram til kynningar fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar og stofnana hans vegna ársins 2022 og þriggja ára áætlun 2023-2025 ásamt greinargerð fyrir árið 2022, til síðari umræðu í bæjarstjórn.

*Bæjarráð vísar fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar og stofnana hans vegna ársins 2022 og þriggja ára áætlun 2023-2025 ásamt greinargerð fyrir árið 2022 til síðari umræðu í bæjarstjórn.*

**Gestir**

Edda María Hagalín, fjármálastjóri - 09:24

Edda María yfírgaf fund kl. 10:00.

## 5. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 571 - 2111003F

Lögð fram til kynningar fundargerð 571. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar, en fundur var haldinn 24. nóvember 2021.

Fundargerðin er í tólf liðum.

*Fundargerð lögð fram til kynningar.*

### 5.3 2021100017 - Hafnarstræti 29 á Flateyri, lóð undir nemendagarða

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bærstjórn að Nemendagarðar Lýðskólans, Flateyri fái lóðina við Hafnarstræti 29, Flateyri skv. umsókn, með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi uppdrættir ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.

### 5.4 2021080058 - Engjavegur 9, 400. Umsókn um lóðarleigusamning

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bærstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Engjaveg 9 á Ísafirði skv. mæliblaði dags. 13. október 2021.

### 5.5 2021090101 - Brekkugata 50, Þingeyri - umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bærstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Brekkugötu 50 á Þingeyri skv. mæliblaði dags. 13. október 2021.

### 5.12 2019050058 - Verkefnið Sólsetrið á Þingeyri og deiliskipulag

Skipulags- og mannvirkjanefnd telur umfang breytinga óverulegt og ekki þörf á því að auglýsa tillögu aftur sbr. 4.mgr. 41.gr. skipulagslaga. Nefndin leggur til við bærstjórn að samþykkja tillögu.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00**

---

Marzellius Sveinbjörnsson

---

Daníel Jakobsson

---

Arna Lára Jónsdóttir

---

Tinna Ólafsdóttir

---

Birgir Gunnarsson